

fráveitunni gengið, að hún hindri ekki notkun strandar og sjávar við ströndina á Straumsvíkur — Hraunvíkursvæðinu til fiskeldis. Þar til þetta ákvæði verður uppfyllt skal allt fráveituvatn leitt í rotþró, sem Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðarsvæðis viðurkenna.

- 2.9. Í kringum bennsluolíutank skal steypa þró sem rúmar innihald tanksins. Loki skal vera staðsettur við hvern tank innan þróar.
- 2.10. Malbikunarstöðin skal sjá til þess að hávaði sé takmarkaður eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal eigi vera meiri en 70 dB (A.leq).
- 2.11. Verksmiðjan skal sjá svo um, að allur mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í fullkomnu lagi og að ráðstafanir til varnar mengun haldi upphaflegu gildi sínu. Hafa skal reglulegt eftirlit með búnaðinum og halda skrár yfir niðurstöður. Fulltrúum mengunarvarna- og heilbrigðisnefndar skal heimill aðgangur að þessum upplýsingum þegar óskað er. Viðhald alls búnaðarins skal vera fyrirbyggjandi og m.a. taka mið af eðlilegum endingartíma hinna ýmsu hluta. Þá skal varahlutalager einnig við það miðaður.

3. Gjaldskrá.

Malbikunarstöðin skal árlega í samræmi við gjaldskrá nr. 355/1986 greiða eftirlitsgjöld eins og þau eru ákveðin á hverjum tíma.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka skv. gjaldskránni. Malbikunarstöð Hlaðbæjar — Colas hf. flokkast í 3. flokk. Gjaldið skal standa undir starfsleyfisvinnslu og eftirliti Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins sem verður skv. 3. gr. gjaldskrárinnar.

4. Gildistími.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað og gildir til næstu 12 ára frá og með útgáfudegi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um holræsi í Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Þegar Ólafsfjarðarkaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem bærinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er húseignendum, sem þar eiga húseignir og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt regnvatnsræsi, ef gert er.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bærarstjóri ákveður, getur bærinn látið vinna verkið á kostnað húseignanda.

2. gr.

Ólafsfjarðarkaupstaður lætur leggja holræsastúta úr frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur byggja. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa.

Við raðhús og fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðarúthlutun. Séu gerðir sérstakir holræsastofnar fyrir regnvatn er húseigendum skylt að hafa sérstakt frárennsliskerfi fyrir regnvatn og tengja það við lóðarmörk sín skv. nánari fyrirætlum bæjartæknifræðings eða bæjarstjóra. Verði ágreiningur um túlkun þessarar greinar sker bæjarráð úr honum.

3. gr.

Bæjarstjóri og bæjartæknifræðingur, undir yfirstjórn bæjarráðs, fara með stjórn framkvæmda er varða holræsakerfi bæjarins svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla. Bæjarráði er heimilt að fela sérstökum umsjónarmanni yfirumsjón með holræsakerfinu.

Húseigandi skal leggja fram teikningu af frárennsliskerfi sínu. Húseiganda er skylt að hlýða fyrirætlum bæjartæknifræðings eða umsjónarmanns í öllu því sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn bæjarins ávallt eftirlit með því að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

Aður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt skal hann skýra bæjartæknifræðingi eða umsjónarmanni frá því og fá samþykki fyrir framkvæmdinni.

4. gr.

Allt efni til holræsagerðar skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingasamþykkt, en auk þess getur bygginganefnd sett reglur um holræsaefni, t.d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða.

Bæjartæknifræðingur getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði, en til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt, að greiða stofngjald skv. reglugerð um gatnagerðargjöld í Ólafsfjarðarkaupstað. Auk stofngjalds af hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi bæjarins eða holræsi, sem bærinn hefur yfirtekið og eins um húseignir, sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa ekki að tengjast aðalholræsakerfinu, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0,15% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

7. gr.

Lágmark holræsaárgjalds skal bæjarráð ákveða árlega. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts veitir ekki rétt til undanþágu frá greiðslu holræsaárgjalds.

Bæjarstjórn er heimilt, fyrir eitt ár í senn vegna sérstakra mikilvægra verkefna í holræsamállum, að hækka hið árlega holræsagjald án staðfestingar viðkomandi ráðuneytis.

Að öðru leyti er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldið allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins. Slík ákvörðun gildir fyrir eitt ár í senn.

8. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði.

Kröfur sem bæjarsjóður kann að öðlast skv. reglugerð þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og er gjaldið tryggt með lögveði í húseigninni.

Gjalddagi holræsaárgjalds er 1. janúar ár hvert, en bæjarstjórn getur ákveðið að innheimta það á fleiri gjalddögum um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

9. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera enda annist hann viðhald og endurnýjun þeirra, annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi, skv. ákvæði 3. gr. um fyrirmæli bæjartæknifræðings eða umsjónarmanns.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ólafsjarðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1988.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.

1. gr.

Upphæð eftirlitsgjalda samkv. 4. gr. reglugerðar nr. 157/1985, með breytingu nr. 128/1987, verði sem hér segir:

1. flokkur	kr. 6 000,00
2. flokkur	kr. 13 000,00
3. flokkur	kr. 25 000,00
4. flokkur	kr. 39 000,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar staðfestist hér með samkv. 5. gr. 6. t.l. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. mars 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.